



Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, lögum um nauðungarsölu og lögum um gjaldþrotaskipti, 322. mál á 136. löggjafarþingi 2008-2009.**

Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) skila sameiginlegri umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarpinu er ætlað að bæta réttarstöðu skuldara við aðför og gjaldþrotaskipti og fresta nauðungarsölu um sex mánuði til að skuldarar fái tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín.

Samtökin telja að flest nýmæli sem mælt er fyrir um í frumvarpinu skipti ekki sköpum fyrir skuldara við þær óvenjulegu aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu heldur leiði fyrst og fremst til þess að vanda skuldara verði slegið á frest eða staða hans verði í raun verri þegar upp er staðið. Frumvarpið er þeim annmörkum háð að með því er reynt að breyta nokkrum lagaákvæðum í mismunandi lagabálkum í stað þess að skoða heildstætt þann ramma sem lög setja innheimtu skulda, fullnustuúrræðum og gjaldþrotum. Þannig virðist skorta heildstæða sýn eða stefnu í málaflokknum þar sem til grundvallar þarf að liggja bæði hvati fyrir skuldara til að greiða skuldir sínar en einnig hvati til að halda áfram þátttöku í samfélaginu og stunda launaða vinnu, jafnvel þótt skuldirnar verði skuldara ofviða og hann verði gjaldþrota. Þá þarf sérstaklega að skoða samspil þessara lagabálka við frumvarp til laga um greiðsluaðlögun en líklegt er að flestir þeir sem fara fyrir héraðsdómara vegna beiðni um gjaldþrotaskipti muni óska eftir greiðsluaðlögun.

Ber frumvarpið merki þess að vera unnið í miklum flýti en ekki er að finna í athugasemdum þess nokkra greiningu á núverandi lagaramma, kostum og göllum núverandi fyrirkomulags eða hvaða áhrif lagafrumvarpið er líklegt til að hafa til lengri tíma lítið.

Fjármálafyrirtæki hafa á síðustu mánuðum breytt verkferlum sínum þannig að allra leiða er leitað til að aðstoða fólk í greiðsluferfiðleikum. Er það m.a. gert með því að nýta þau almennu úrræði sem stjórnvöld hafa mælt fyrir um svo sem frýstingu lána og greiðslujöfnun. Almenn úrræði í lögum duga þó ekki í öllum tilvikum og leitast þá mörg fjármálafyrirtæki við að beita klæðskerasaumum greiðsluferfiðleikaúrræðum fyrir hvern og einn. Samtökin vara við því að lögfest verði ákvæði sem draga almennt úr greiðsluvilja skuldara.

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að aðfararfrestir til fullnustu krafna verði lengdir tímabundið úr 15 í 40 daga. Samkvæmt athugasemdum í frumvarpinu er tilgangur ákvæðisins að veita skuldara rýmri tíma til að bregðast við innheimtuaðgerðum og leita leiða til að endurskipuleggja fjármál sín. Vinnureglur fjármálafyrirtækja gera almennt ráð fyrir 90 daga vanskilum skuldara áður en krafa er sett í innheimtu. Ef skuldari leitar eftir samningum við kröfuhafann eða greiðsluferfiðleikaúrræðum á þeim tíma er ekki sett fram beiðni um aðför. Ekki verður því með góðu móti séð með hvaða hætti ákvæðið gagnast skuldurum til að leysa greiðsluferfiðleika sem þeir glíma við. Verði ákvæðið að lögum er líklegt að kröfuhafar muni hefja lögfræðiinnheimtu fyrr en ella til að tryggja hagsmuni sína.

3. gr.

Að mati samtakanna er frestun á nauðungarsölu fram til haustsins gagnslítill ráðstöfun fyrir allan þorra fólks og einungis til þess fallin að safna upp vöxtum og kostnaði á kröfu. Frestunin með tilheyrandi uppsöfnun kostnaðar mun skaða aðila sem hafa tekist á hendur sjálfsskuldarábyrgð ef veðið dugir ekki til greiðslu skuldarinnar. Frestunin mun einnig skaða hagsmuni sparisjóðanna vegna samstarfs þeirra við Íbúðalánasjóð. Samstarfið gerir það að verkum að algengt er að sparisjóðir séu með íbúðalán á 2. veðrétti á eftir Íbúðalánasjóði. Verði frestunin lögfest eru enn minni líkur á en áður að þessi lán innheimtist.

Þá er bent á að frestunin nýtist að líkindum minnst þeim aðilum sem hafa lent í greiðsluferfiðleikum vegna atvinnumissis eða annarra áfalla í kjölfar hruns efnahagslífsins. Frestunin mun aðallega nýtast þeim sem hafa verið í innheimtumeðferð í lengri tíma. Eðlilegra er að beina fólki strax í þann farveg að leita sér aðstoðar við að leysa úr sínum vanda í samvinnu við kröfuhafa t.d. með því að nýta almenn eða sértæk greiðsluferfiðleikaúrræða sem nefnd eru að framan.

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að kröfur sem trygging er fyrir í viðkomandi eign og tilheyra ríkinu eða stofnun eða fjármálafyrirtæki í eigu þess, skuli aðeins bera þá vexti fram til 1. september 2009 sem þær hefðu ella borið ef ekki hefði komið til vanskila á þeim. Að mati samtakanna er afar óheppilegt að lögfesta mismunandi

reglur um fjármálafyrirtæki, eftir því hvort eignarhald þeirra er á höndum ríkisins eða einkaaðila. Slík ákvæði eru til þess fallin að raska samkeppni milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins og annarra fjármálafyrirtækja og raska þau einnig jafnræði skuldara eftir því hvort lánveitandi þeirra er fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins eða ekki. Að sama skapi geta fjármálafyrirtæki sem ekki eru í ríkiseigu ekki tekið á sig þá skuldbindingu að fella niður dráttarvexti af kröfum þar sem að tryggja þarf greiðsluflæði í fyrirtækjunum svo að þau eigi möguleika á að lifa af í því erfiða rekstrarumhverfi sem fyrirtækin búa nú við. Verði 3. gr. frumvarpsins að lögum telja samtökin þó mikilvægt að ákvæði sem þetta verði lögfest til að koma í veg fyrir þann skaða sem sparisjóðir og ábyrgðarmenn verða fyrir vegna uppsafnaðs kostnaðar á kröfu.

#### 5. gr.

Í greininni er lagt til að fyrningarfrestur kröfu styttest verulega frá því sem nú er eða í 2 ár. Eins og segir í athugasemdum frumvarpsins er fyrningartími nú mislangur eftir því um hvers konar kröfu er að ræða, 4, 10 eða 20 ár, sbr. lög um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. Kröfur sem byggjast á peningalánnum og kröfur samkvæmt skuldabréfi fynast á 10 árum samkvæmt fyrningarlögum. Með ákvæðinu er því lögð til veruleg stytting fyrningarfrests á flestum kröfum fjármálafyrirtækja. Svo veruleg stytting getur skipt sköpum fyrir kröfuhafa. Ef ákvæðið verður að lögum má gera ráð fyrir að greiðsluvilji skuldara minnki verulega. Rétt er að halda því til haga að fjármálafyrirtæki reyna almennt ekki að halda kröfum lifandi lengur en mælt er fyrir um í gildandi lögum. Með því að stytta fyrningarfrestinn jafn mikið og lagt er til í frumvarpinu má vera að kröfuhafar reyni í auknum mæli að stefna skuldara eftir gjaldþrot til að lengja fyrningarfrestinn í 10 ár. Þá er einnig líklegt að kröfuhafar slíti fyrningu áður en tveggja ára fyrningarfresturinn rennur út og hefst þá nýr 10 ára fyrningarfrestur. Í heild væri fyrningarfresturinn því orðinn 12 ár og þar með lengri en hann er í dag. Má gera ráð fyrir að réttarstaða skuldara versni frá því sem nú er ef ákvæðið verður lögfest.

Í þessu sambandi er einnig rétt að nefna að frumvarpið virðist byggja á þeim misskilningi að kröfuhafar krefjist gjaldþrotaskipta hjá flestum skuldurum sem verða ógjaldfærir. Sú er ekki raunin. Eins og að framan greinir leggja bankar og sparisjóðir mikla áherslu á að aðstoða einstaklinga í greiðsluerfiðleikum með lausnum sem miða við þarfir hvers og eins. Er því almennt ekki krafist gjaldþrotaskipta hjá skuldurum sem ekki reynast borgunarmenn heldur er árangurslaust fjárnám látið duga sem sönnun fyrir því að skuldari sé ógjaldfær. Má því gera ráð fyrir að lögfesting ákvæðisins verði til þess að skuldarar krefjist í auknum mæli sjálfir gjaldþrotaskipta, með tilheyrandi kostnaði, til að stytta fyrningarfrest krafna.

Loks er bent á að upplýsingar um skiptalok haldast inni á opinberri vanskilaskrá í 4 ár frá því að upplýsingar berast frá sýslumönnum og héraðsdómstólum inn á skrána.

Með vísan til framangreinds er ólíklegt að ákvæðið nái þeim tilgangi sínum að bæta hag skuldara. Lagt er til ákvæðinu verði breytt þannig að miðað verði við að fyrningarfrestur kröfu eftir gjaldþrot verði a.m.k. fjögur ár í stað tveggja. Með því er fyrningarfrestur gerður jafn fyrningarfresti almennra krafna og má þá gera ráð fyrir að kröfuhafar muni ekki í ríkum mæli leitast við að slíta fyrningu til að lengja fyrningarfrestinn. Að sama skapi má ætla að óhagræði af gjaldþroti verði með þessu

það mikið fyrir skuldara að ákvæðið leiði ekki til þess að greiðsluvilji skuldara muni almennt minnka til muna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Fyrir hönd SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Sigurður Örn Guðleifsson

